


Höllin í Vauvenargues þar sem Picasso lést.



Picasso ásamt Palomu og Claude.



Picasso ásamt Claude meðan allt lék í lyndi.

brestur í fjölskyldumynstur hans. Paulo einum var boðið til brúðkaupsins. Þó hafði Picasso stuttu áður leyft Claude og Palomu að kalla sig Picasso-Ruiz. En það leyfi var út af fyrir sig ekki lagaleg viðurkenning á rétti þeirra.

Picasso var átræður þegar hann gifti sig öðru sinni. Þá var hann farninn að þreytast og Jacqueline virðist hafa ákveðið að verja hann fyrir öll-

um utanaðkomandi truflunum. Listsköpun hans skipti öllu máli. Ættingjar Picassos fengu æ sjaldnar að heimsækja hann. Þeim var sagt að „meistarinn væri að vinna“ eða „meistarinn væri sofandi“.

Fyrir vikið töldu þeir að Jacqueline vildi sitja ein að gamla manningum, og þar með arfinum. Vinir Jacqueline hrósa henni fyrir ósérhlífni hennar á þessum árum og segja að

hún hafi verið vakin og sofin í umhyggju sinni fyrir Picasso.

Bálillur yfir bókinni

Sjálfsævisaga Françoise Gilot, Sambúð okkar Picassos, sem út kom 1963, jók enn á missættid í fjölskyldu Picassos. Hann var sjálfur bálillur yfir bókinni og reyndi að fá hana bannaða sem „atlögu að einkalífi“

sínu. Það gerði sennilega illt verra, að bókinn kom út um svipað leyti og börn hans voru að vaxa úr grasi.

Allt um það komust ættingjar hans skyndilega að því að Picasso vildi ekkert með þá hafa lengur. Þetta var ekki ýkja mikið áfall fyrir Paulo og Maiu, sem voru þá ekki í nánú sambandi við föður sinn. En yngri börnin tóku afstöðu föður síns og afa mjög nærri sér.

Paloma var hjá Picasso á júlunum 1963, en þegar hún ætlaði til hans um páskana 1964 tilkynnti lögfræðingur henni að hún fengi ekki að koma. „Meistarinn var ekki við... í tíu ár.“ sagði hún eftir á og var beisk.

Marina gerði sér ferð heim til afa síns aftur og aftur en Jacqueline sagði henni ævinlega að Picasso væri of þreyttur til að taka á móti henni. Hún skrifaði honum daglega, uns lögfræðingur sagði henni að það hefði ekkert upp á sig, hún mundi aldrei fá svar. Eftir að hafa verið gerðir afturrækir æ ofan í æ reyndu þeir Claude og Pablito, sinn í hvoru lagi, að komast inn í höll Picassos í gegnum hallargarðinn. Claude var fleygt á dyr en hundum var sigað á Pablito.

Múr í kringum listamanninn

Vinir Picassos og Jacqueline héldu því fram að börn listamannsins væru aðeins á höttum eftir auðæfum föður síns. Í viðtölum báru þau öll á móti því. Öllum þeim sem þekktu Claude, Palomu og Marinu á þessum tíma

bar saman um að þau hafi verið mjög elsk að föður sínum og afa.

Og hvað svo sem segja má um förnfýsi Jacqueline þá er enginn vafi á því að hún reisti nokkurs konar múr í kringum Picasso. Enginn fékk aðgang að honum síðustu ár ævi hans, nema sá hinn sami fengi náð fyrir augum Jacqueline. Jafnvel gömlum vinum Picassos var snúið frá dyrum hans.

Eftir dauða Picassos hefur Jacqueline ríkt yfir eignum sínum eins og drottning í ríki sínu. Vopnaðir verðir, varðhundur og rafmagnsgirðingar umkringja hús hennar. Árum saman klæddist hún sorgarklæðum og ferðaðist um með fimm manna lífvörð. Jacqueline var – og er enn – áhrifamanneskja í Frakklandi. Þegar Pablito lést af völdum bleikiefnisins, sem hann drakk í júlí 1973, voru yfir 50 ljósmyndarar við útför hans. Þó birtist ekki ein einasta mynd af útförinni í nokkru blaði. Og í Suður-Frakklandi, í héraðinu í kringum Chateau de Vauvenargues og Mougins, er ekki talið ráðlegt tala ógætilega um frú Jacqueline og eignir hennar.

Pablo Picasso var einstakur, risi í samtímanum. Æviferill hans var ævintýri líkastur en eftirmálar hans eru eins og dæmisögur fyrir nútíamenn.

Hver og einn getur dregið af þeim sínar ályktanir.

-ai
(Stuðst við Sunday Times Magazine, Art Forum o.fl. blöð)

**UTANKJÖRSTADASKRIFSTOFA
SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS**

Valhöll, Háaleitisbraut 1, 3. hæð. Símar: 688322 og 688953

Upplýsingar um kjörskrá o.fl.

Sjálfstæðisfólk, vinsamlegast látið skrifstofuna vita um alla kjösendur sem verða ekki heima á kjördegi, 31. maí nk.

**FRÁ HÉRAÐSSKÓLANUM
Í REYKHOLTI, BORGARFIRÐI**

Innritun vegna nýrra nemenda er að hefjast. Umsóknarfrestur er til 20. júní nk. Námsframboð skólaárið '86-'87 verður eftirfarandi:

Famhaldsnám á almennri bóknámsbraut, viðskiptabraut, íþróttabraut, heilsugæslubraut og uppeldisbraut fjölbrautaskólans.

Einnig verður 9. bekkur starfræktur við skólann. Umsóknir sendist merktar Héraðsskólanum í Reykholti, 320 Reykholt, Borgarfirði.

Allar nánari upplýsingar gefa skólastjóri og yfirkennari í sínum 93-5200, 93-5201 og 93-5210.